

Stj.tíð. B, nr. 32/1973.

Sérprentun nr. 126

## Auglýsing um friðland í Hvannalindum.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Hvannalindir á Brúaröræfum í Norður-Múlasýslu, ásamt næsta umhverfi og er svæðið friðland. Má þar hvorki skerða gróður, skaða dýralíf, né gera þar jarðrask.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:*

Að austan Kreppa. Að vestan lína frá Lindaárósi í kamb, sem ber hæst í hraunjaðr-inum vestan Lindaár, þaðan lína suðvestur í Kverkhjúk, sem er 893 m. á hæð yfir sjó (samkvæmt korti Herforingjaráðs frá árinu 1954), þaðan lína austur um hnjúk, 776 m. á hæð yfir sjó, rétt sunnan tjarnanna í Lindahrauni vestur í Kreppu.

*Um umferð á svæðinu gilda eftirfarandi takmarkanir:*

1. Allur akstur utan merktra slóða er bannaður.
2. Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan merktra göngustíga.
3. Ekki má fara með hesta utan merktra akvega á svæðinu og stranglega er bannað að beit þeim innan þess.
4. Aðeins má tjalda á merktum tjaldsvæðum.
5. Við friðlýstum rústum má enginn hrófla og ekki ganga innan þeirra.
6. Notkun skotvopna á svæðinu er bönnuð.
7. Vegna friðunar gróðurs í Hvannalindum er skylt að loka hliði við Kreppubru.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að Náttúruverndarlögum.

Uppdráttur af mörkum friðlands fylgir.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

---

*Birgir Thorlacius.*